



Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Skólaárið 2024-2025

Lokahátíð í apríl 2025

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnaði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum. Gestir boðnir velkomnir, skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, sem hófst í Hafnarfirði 2010 og svo á viðkomandi svæði og hver markmiðin eru. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast vel. Einnig þarf að æfa móttöku viðurkenningarskjals. Möguleiki að kynna höfunda í upphafi frekar en við hvert atriði.

Dagskrá

1. Guttavísur, val um að syngja eða flytja eins og kemur hér fram. (*Stefán Jónsson*)
2. Vitra krákan (*Úr dæmisögum Esóps*)
3. Mánaðapulan (*Kristján Hreinsson*)
4. Málfarsmolinn
5. Talnaþulan
6. Kurteisi (*Kristján Hreinsson*)
7. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi/varamaður skólans úr upplestrarkeppninni í 7. bekk sem haldin var í mars, les t.d. ljóð sem nemandinn flutti á viðkomandi lokahátíð.
8. Dýraþulan (*Kristján Hreinsson, skoða líka t.d. Kött og mús 2017*)
9. Tónlistaratriði
10. Vorið og Skríttinn göngutúr (*Brot úr sögunni „Varið ykkur á Valahelli“ Iðunn Steinsdóttir*)
11. Andheiti
12. Fuglaþulan (*Frumflutningur, Kristján Hreinsson*)
13. Vikudagarnir
14. Brandarahornið
15. Orð (Þórarinn Eldjárn)

Lesefni

Litla upplestrarkeppnin 2025

Ingibjörg Einarsdóttir

Guttavísur

- Tveir lesarar Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeyð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
- Tveir aðrir Óþekkur er ætíð anginn sá,
út um bæinn stekkur hann og happar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá,
eða gegnir paba sínum.
Nei, nei það er frá.
- Allir Allan daginn, út um bæinn
eilíf heyrast köll í þeim:
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti
Gutti komdu heim.**
- Tveir eða ? Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orðin mamma hans Gutta,
mælir oft á dag.
- Allir Hvað varst þú að gera, Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur ! En sú mæða að eiga svona börn.**
- Tveir eða ? Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær,
Orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.
O,n af háum vegg í dag hann datt.
Drottinn minn!
Og stutta nefið
það varð alveg flatt
eins og pönnukaka. Er það satt?

Allir

Ó, já, því er ver og miður,
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið,
nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búið,
nú er sagan öll.

Vitra krákan *(Úr dæmisögum Esóps)*

Lesari 1

Einu sinni var kráka sem hafði ekki fengið neitt að drekka í langan tíma. Það höfðu verið þurrkar í margar vikur og öll vatnsbólín sem hún var vön að nota voru þornuð upp fyrir löngu.

Lesari 2

Hún var búin að fljúga lengi, lengi þegar hún loks kom auga á vatnskönnu. Þar ber vel í veiði, hugsaði hún og sveif niður að henni og ætlaði að stinga hausnum ofan í. En hvað var nú þetta?

Lesari 3

Stúturinn var of mjór til að hún kæmist með gogginn niður í vatnið enda var ekki mikið vatn í könnunni. Nú voru góð ráð dýr. Hvað átti hún að taka til bragðs?

Lesari 4

Hún byrjaði á því að reyna að velta könnunni á hliðina en ekki dugði það. Síðan ákvað hún að reyna að brjóta hana niður með hörðum goggi sínum en allt kom fyrir ekki. Nú var úr vöndu að ráða.

Lesari 5

Þá kom henni snjallt ráð í hug. Hún tindi með gogginum fjöldann allan af litlum steinum sem hún lét falla ofan í könnuna. Smátt og smátt sér hún vatnsyfirborðið lyftast og á endanum var það orðið nógu hátt til að hún gæti svalað þorsta sínum. Já, það á ekki að gefast upp þótt á móti blási.

Mánaðapulan

Lesari

Einn, tveir
eða fleiri

Hann janúar er jökulkaldur,
hann jafnan geymir mikinn snjó,
í myrkri er að mörgu valdur
og mönnum gefur kyrrð og ró.

Og febrúar svo ferskur lætur
hér fannir liggja yfir jörð
og stormar koma kaldar nætur
með klakabönd og frostin hörð.

Hann mars hann er á marga vegu
magnaður um nokkra hríð
og stormaöflin ógurlegu
hér enda langa vetrartíð.

Allir

**Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

Lesari

Og apríl kemur oft með blíðu
og eyrun greina fuglasöng
er sólarljósið sendir þíðu
þá sést að dægri verða löng.

Hann maí fær gjarnan góða dóma,
hann getur verið afar hlýr
þá fær að vakna fjöldi blóma
með fegurð sem í jörðu býr.

Og júní kemur hér með hlýju
með honum tekur birtan völd,
og okkur gleðja enn að nýju
hin yndislegu sumarkvöld.

Allir **Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

Lesari Í júlí ilmar allt af blóma
og urtir landsins stækka fljótt,
þá fuglasöng við heyrum hljóma
um hlýja, bjarta sumarnótt.

Og ágúst, hreinn og undurfagur
fær endað bjarta sumartíð
en þó að stöðugt styttist dagur
um stund hér vaka öflin blíð.

Í september fer senn að dimma
og sólin lækkar flugið þá
um fjöllin læðist frostið grimma
en fegurð haustsins víst má sjá.

Allir **Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

Lesari Í október því yndi lýkur
sem okkur veitti sumartíð
og brátt um landið fönnin fýkur
með frost og dökka vetrarhríð.

Og nóvember með dimma daga
og dulúð boðar kyrrð og frið,
þá birtist lífsins ljúfa saga
þótt langur vetur blasi við.

Í desember í dökkum skugga
svo dásamleg við eigum jóla
og þegar frostrós grær á glugga
við getum séð að hækkar sól.

Allir

**Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

MÁLFARSMOLINN

Hugsanlegt að hver nemandi stigi fram og lesi einn málshátt eða tvo. Hægt að fækka eða fjölga málsháttunum, fer eftir stærð nemendahópsins.

1. Þegar kötturinn er úti leika mýsna inni.
2. Sá vægir sem vitið hefur meira.
3. Margur er knár þótt hann sé smár.
4. Sá er vinur er í raun reynist.
5. Barnið vex en brókin ekki.
6. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.
7. Sjaldséðir eru hvítir hrafnar.
8. Allt er vænt sem vel er grænt.
9. Maður er manns gaman.
10. Oft er logn á undan stormi.
11. Góð íþrótt er gulli betri.
12. Margar hendur vinna létt verk.
13. Illur á sér ills von.
14. Oft kemur góður þá getið er.
15. Best er illu af lokið.
16. Margt er það sem í þokunni býr.
17. Öllu gamni fylgir nokkur alvara.
18. Aldrei verður á allt kosið.
19. Blindur er bóklaus maður.
20. Allir hafa börn verið.
21. Bók er best vina.
22. Tímarnir breytast og mennirnir með.
23. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.
24. Hverjum þykir sinn fugl fagur.
25. Sælla er að gefa en þiggja.

Talnapulan

Einn lesari Einn og tveir,
Allir inn komu þeir,
Einn þrír og fjórir
Allir furðustórir,
Einn fimm, sex, sjö og átta,
Allir svo fóru þeir að háttá.
Einn Níu, tíu, ellefu og tólf,
 lögðu plöggin sín á gólf.
Allir Svo fóru þeir að sofa
 og sína drauma að lofa.
 En um miðjan morgun
 hún mamma vakti þá,
Einn þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,
 fætur stukku þeir á.
Allir Svo fóru þeir að smala
 suður eftir á.
Einn Sautján, átján lambærnar
 sáu þeir þá,
 nítján voru tvílembdar
 torfunum á,
 tuttugu sauðirnir
 suður við sel.
Allir Teldu nú áfram
 og teldu nú vel.

Kurteisi

Lesarar	1	Ef er ég í einhverjum vafa
	2	og erfið mér kurteisin finnst
	1	þá vil ég í hávegum hafa
	2	þá hugsun sem kostar mig minnst.
	3	Ég sé það ef hógværð ég safna
	4	að samviskan er ekki blind
	3	og hugsun mín hlýtur að dafna
	4	í háttvísri birtingarmynd.
Lesarar		Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
1 – 4		þá frábært ég jafnan það tel,
eða allir		að kurteisi kostar svo lítið
		en kemur sér alstaðar vel.

DÝRAÞULAN

Lesari 1 Hér færi ég um víðan völl
og varla myndi drolla
og æddi jafnvel upp um fjöll
ef ég væri rolla.

Lesari 2 Í sauðahópnum sæi mig
sérhver labbakútur
því oft ég færi á efsta stig
ef ég væri hrútur.

**Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég hentist yfir hagann fljótt
og hlypi yfir síkin,
ég eflaust væri eftirsótt
ef ég væri tíkin.

Lesari Ég myndi smala heilli hjörð
og helst ei stía sundur
og hlypi upp um ótal börð
ef ég væri hundur.

**Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Úr fjósi mínu færi ég
ef fengi ég að velja
og oft ég hlypi út á veg
ef ég væri belja.

Lesari Með hornin ávallt upp í loft
eins og trylltur ruddi
ég myndi baula æði oft
ef ég væri tuddi.

Allir **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég gæti malað, mjálmað hátt
og myndi engan hræða
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt
ef ég væri læða.

Lesari Ég myndi klifra upp í eik
eins og Hrói höttur
og ætti kraft í allan leik
ef ég væri köttur.

Allir **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég myndi vappa vítt og breitt
um völlinn iðjagræna
og æti korn mitt yfirleitt
ef ég væri hæna.

Lesari Mitt prik ég glaður gæti átt
og garg mitt yrði vani,
ég gala yrði afar hátt
ef ég væri hani.

Allir **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég myndi vera mild og góð
og myndi engan skamma,
ég eflaust myndi yrkja ljóð
ef ég væri mamma.

Lesari Ég hugsa myndi hér um dýr
og hætta öllu kvabbi
ég segði ykkur ævintýr
ef ég væri pabbi.

**Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Vorið er komið (*brot*)

Lesari 1

Í litlu þorpi innst í sveitinni stendur skólinn.

Lesari 2

Í dag er eitthvað mikið að gerast. Háar og skærar raddir berast út um dyrnar.

Lesari 3

Húrra, húrra, loks er vorið komið! Frí í allt sumar! Ég ætla ekki að lesa eitt orð!

Lesari 4

Dyrnar opnast og út koma sextán börn sem hlæja, hoppa og tala hvert í kapp við annað.

Lesari 5

Smám saman þynnist hópurinn. Þeir sem eiga heima utar í sveitinni hjóla burt eða eru sóttir í bíl. Loks eru bara þrjú börn eftir. Það eru vinirnir, Lóa, Búi og Hrói. Þau labba heim. Að baki er langur vetur en nú blasir við sól, sumar og frí.

Skrítinn göngutúr (brot)

Lesari 1

Sara þrammar um hraunið með göngustafinn sinn. Ekkert veit hún betra en svona helgar með sól og suði í flugu. Hún fær nóg af fólki alla vikuna í búðinni og þó það geti verið gaman að spjalla og fá fréttir þá er gott að þegja stöku sinnum.

Lesari 2

Loftið er hreint og tært og það er næstum hægt að heyra grasið gróa. Þvílík blessuð blíða.

Lesari 3

Hún er búin að vera á gangi lengi dags og farin að þreytast. Hún tyllir sér í laut til að borða nestið. Hún hlustar á fuglana kvaka, það er svo róandi og aldrei neinn falskur tónn.

Lesari 4

Og þó – allt í einu finnst Söru hún heyra hljóð sem ekki eigi heima hér. Hún hlustar betur. Nei, þetta var víst ekkert. Hún hallar sér aftur á bak, langar til að dotta smástund.

Lesari 5

Hún er alveg að sofna þegar hún heyrir aftur þennan falska tón.

Lesari 6

„Stattu upp, fyrir sjálfum þér.“

Lesari 7

Hver er að syngja? Hann kann ekki lagið. Sara rýkur á fætur og tekur stafinn sinn og pokann. Hún gengur á hljóðið. Það er eins og það komi neðan úr jörðinni.

ANDHEITI *(Tveir, eða fleiri lesarar stíga fram)*

Lesari 1 (eða fleiri)

Lesari 2 (eða fleiri)

dagur

nótt

sumar

vetur

ljós

myrkur

hvítur

svartur

gleði

sorg

kuldi

hiti

suður

norður

morgunn

kvöld

rok

logn

líf

dauði

stór

lítill

vestur

austur

hlæja

gráta

svangur

saddur

langur

stuttur

bjartur

dimmur

skítugur

hreinn

FUGLAPULAN (frumflutningur)

(Hér má hugsa sér að lesa eitt erindi, tvö eða alla þuluna. Fer eftir stærð hópsins o.fl.)

1. Þarna synda önd og álka,
2. yfir þeim við sjáum fálka,
1. hjá svölu, smyrli, stelk og stara
2. stökkönd vill um loftin fara.

3. Kjói, erla, lífsglöð lóa,
4. lengi heyrir vell í spóa.
3. Já, heiðargæs og einnig ugla
4. eru hér í hópi fugla.

Allir

**Hver ungi virkjar væng og stél
þeir vilja forðast storm og él
og finna bæði fljótt og vel
að flestir hafa vinarþel.**

5. Sjá má dílaskarf og dúfu
6. og duggönd læðast bak við þúfu,
hávella og hettumáfur
hafa sjálfsagt miklar gáfur.

Æðarfugl og óðinshani
og álfir sem við köllum svani,
skrofa, tjaldur, skúmur, haukur,
skógarþröstur, hrossagaukur.

Allir

**Hver ungi virkjar væng og stél
þeir vilja forðast storm og él
og finna bæði fljótt og vel
að flestir hafa vinarþel.**

Músarrindill, lómur, lundi,
langvía og önd á sundi.
Glókollur hjá gæsasteggjum,
gráprestir sem verpa eggjum.

Himbrimi og hrafn hjá tjörnum
helsingi við bjarg hjá örnum
rita, kría, rauðbrystingur
rjúpa, súla, snjótittlingur.

Allir **Hver ungi virkjar væng og stél
þeir vilja forðast storm og él
og finna bæði fljótt og vel
að flestir hafa vinarþel.**

Vikudagarnir

Allir

Sunnudagur til sigurs,
mánudagur til mæðu,
þriðjudagur til þrifa,
miðvikudagur til moldar,
fimmtudagur til frægðar,
föstudagur til fjár,
laugardagur til lukku.

Brandarahornið

1. Mamma, við erum í skólaleik, sagði Sigga litla.
2. Þá vona ég að þú kunnir að hegða þér sæmilega, svaraði móðir hennar.
1. Ég þarf ekkert að „hegða mér“, ég er kennarinn!

-
1. Lítil stúlka kom heim úr boði og sagði við mömmu sína:
 2. Það datt lítil stúlka ofan af stólnum sínum og allir fóru að hlæja nema ég.
 3. Því hlóst þú ekki? spurði mamma hennar.
 2. Það var af því að það var ég sem datt, sagði stúlkan.

Kennarinn:

Þú ert óhreinn í framan, Kobbí. Hvað myndir þú segja, ef ég kæmi svona óhreinn í skólann?

Kobbí: Ég væri ekki svo ókurteis að hafa orð á því.

-
1. Steinunn, veist þú af hverju foreldrar þínir vilja að þú farir í skólann?
 2. Auðvitað, til að fá ró og næði!

Pabbinn: Læknir, læknir, sonur minn gleypiti penna!

Læknirinn: Engar áhyggjur, ég er á leiðinni, notaðu bara blýant þangað til ég kem!

Stína: Ég keypti þennan kött fyrir mánuði og þú sagðir við mig að hann væri fullkominn fyrir mýs en hann hefur ekki ennþá veitt eina einustu mús.

Kaupmaðurinn:

Já, er það ekki fullkomið fyrir mýsnar.

ORÐ

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði

ORÐAFORÐI